

Kirkjuþing 2020-2021.

16. mál - þskj. 16.

T I L L A G A

til þingsályktunar um skipun starfshóps til að vinna að mótun heildstæðrar eignastefnu þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af kirkjuráði.

Frsm. Svana Helen Björnsdóttir.

Kirkjuþing 2020-2021 samþykkir að fela kirkjuráði að skipa þriggja manna nefnd sem vinni að mótun heildstæðrar eignastefnu þjóðkirkjunnar og leggi hana fram á kirkjuþingi 2021-2022.

Greinargerð.

Flutningsmenn telja brýnt að fyrir liggi stefna þjóðkirkjunnar um allar eignir hennar, lausar og fastar. Fasteignastefna þjóðkirkjunnar liggur fyrir og færi hún breytt eða bætt undir eignastefnu hennar. Eignastefnunni er einnig ætlað að ná til annarra eigna þjóðkirkjunnar sem ekki eru (eða hafa verið) í vörslu kirkjumálasjóðs. Sjóðir þjóðkirkjunnar eru margir og rétt þykir að koma fram með stefnu um meðferð og eignastýringu þeirra, m.a. með hvaða hætti þjóðkirkjan gætir að lausu fé og meðferð þess. Með fjárstjórnarvaldi kirkjuþings þarf að vera til staðar heildstæð stefna um nýtingu þess fjár og höfuðstóls sem að baki er. Það á einnig við um þann tekjustofn þjóðkirkjunnar sem felst í sóknargjöldum til eignamyndunnar.

Tekjur þjóðkirkjunnar af fjárframlögum eða skuldbindingum ríkisins hafa til þessa samanstaðið af eftirtöldum þáttum:

1. Endurgjaldi á grundvelli kirkjujarðarsamkomulagsins frá 1997.
2. Framlagi vegna Kristnisjóðs og fleiru.
3. Framlagi vegna Jöfnunarsjóðs og kirkjumálasjóðs.
4. Sóknargjöldum.

Kirkjuráði er ætlað að hafa almenna yfirsýn yfir fjárhag þjóðkirkjunnar og stofnana hennar og vera þátttakandi í mótun almennrar stefnu um fjármál kirkjunnar samkvæmt starfsreglum.

Kirkjuþing hefur gengið lengra og jafnframt falið kirkjuráði að leggja fyrir þingið heildaryfirlit yfir fjármál þjóðkirkjunnar og fjárhagsstöðu.

Kirkjuráð hefur það hlutverk að hafa yfirumsjón með ráðstöfun fjár sem veitt er af opinberri hálfu til kirkjulegrar starfsemi. Sú umsjón með fé ná til heildarfjárhags þjóðkirkjunnar, enda er það í samræmi við núverndandi starfsreglur kirkjuþings og 3. mgr. 27. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum.

Eignastefna þjóðkirkjunnar myndi m.a. setja ramma um ráðstöfun þess fjármagns sem bundið í eignum þjóðkirkjunnar, lausum og föstu, sem úr verða af eða hafa orðið til af framlagi ríkisins eða úr arfi kirkjunnar sjálfrar.